

# FRÉTTABRÉF

Með fréttum frá Íslenska söfnuðinum í Noregi, Íslendingafélögum og kórum.

## Efnilegar ungar konur heimsóttu söfnuðinn í sumar

Sara Sveinsdóttir (19) og Harpa Vilborg Ragnarsdóttir Schram (19) kíktu í heimsókn til okkar í Ólafíustofu í sumar. Erindi þeirra var að kynna sér söfnuðinn og fara í vettvangsferð í **Fjellhaug Internasjonale Høgskole** þar sem þær hyggjast sækja nám næsta haust. Leið þeirra lá svo til Stavanger þar sem stórt kristilegt mót var haldið. Við spurðum þær hvers vegna þær vildu fara í biblíuskóla í Noregi. Sara: „*Aðallega til að rækta trúna og bróðir minn var í þessum skóla og ég veit að þessi skóli hentar mér mjög vel.*“

Harpa: „*Mig hefur alltaf langað í biblíuskóla. Ég var í norskum skóla í Eþíópíu þegar ég var barn og hef því kunnað norsku síðan þá. Ég var bara 6 ára, en ég er að koma í fyrsta sinn til Noregs núna. Ég bjó í Eþíópíu þegar ég var 6-11 ára og sótti skóla með norskum kristniboðsbörnum. Mig hefur alltaf dreymt um að koma hingað, svo þekki ég líka nokkra Íslendinga sem hafa farið í þennan skóla og líkaði námið vel.*“

Námsbrautin sem þær eru báðar spenntar fyrir er kristniboðunarbraut. Á þeirri braut er m.a. farið til Eþíópíu í einn mánuð sem er hluti af náminu.

Vinkonurnar voru einnig á ferðalagi um Noreg þar sem þær voru að fara á *Ung Landsmøte* á vegum NLM (Norsk



Harpa t.v og Sara t.h

Luthersk Missionforbund). Þær voru gríðarlega spenntar fyrir að fara á landsmót en rúmlega tuttugu íslensk ungmenni voru að fara á landsmótið hér í Noregi. Þetta er stórt alþjóðlegt mót og komu þar saman um 1500 ungmenni. Það var gaman að fá þær vinkonurnar í heimsókn til okkar og við hlökkum til að fá þær til liðs við okkur í sunnudagaskólann í Ósló að ári liðnu.

## Osvald Kratsch 90 ára lætur af störfum í safnaðarstjórn

Osvald Kratsch varð 90 ára þann 16. maí síðast liðinn. Osvald hefur verið öflugur í safnaðarstarfi Íslenska safnaðarins í Noregi. Hann hefur m.a lesið ritningarlestra í messunum í Ósló, smurt brauð og borið fram kökur við hin ýmsu tilefni. Hann hefur verið virkur þátttakandi í starfi 60 ára og eldri þar sem hann hefur komið að skipulagi starfsins.

Þess ber sérstaklega að minnast að Osvald gaf til Ólafíusjóðsins höfðinglega gjöf eða 10.000 nkr og þökkum við honum hjartanlega fyrir gott fordæmi og kærleika sem fylgdi þeirri gjöf.

Osvald hefur verið í stjórn safnaðarins síðustu árin en lét af þeim störfum í vor. Við hlökkum til áframhaldiandi samstarfs með öflugum liðsmanni á akrinum.



Osvald og sr. Arna

### Ólafíustofa

er opin mánudaga –  
fimmtudaga frá kl.10 -14.

...

Kyrrðar- og íhugunarstund  
alla fimmtudaga  
kl. 12:15-12:30.

...

Foreldramorgnar alla  
fimmtudaga kl. 10-12.

...

AA fundir  
á fimmtudögum kl. 19.

...

Alanon fundir  
á fimmtudögum kl. 20.

...

Ískórinn æfir alla  
miðvikudaga kl 18-20.30.

**Ískórinn í Ósló æfir í Ólafíustofu**, Pilestredet Park 20, 0176 Ósló, á miðvikudagskvöldum kl. 18-20:30. Þorbjörg Guðmundsdóttir er formaður kórsins og Gísli Jóhann Grétarsson er kórstjóri. Netfang kórsins: [iskorinn@hotmail.com](mailto:iskorinn@hotmail.com). Við hvetjum áhugasama til að mæta á næstu æfingu.

**Kór Kjartans í Prándheimi** tekur á móti nýjum kórfélögum. Kórinn er með æfingar alla fimmtudaga kl. 19:00 í Produktdesign byggingunni í Gløhaugen í NTNU. Nánari upplýsingar er hægt að fá á síðunni: [www.facebook.com/ÍslendingafélagiðKjartaníPrándheimi](http://www.facebook.com/ÍslendingafélagiðKjartaníPrándheimi).

**Sönghópurinn í Bergen (SÍB)** óskar eftir nýju söngfólki í allar raddir. Æfingar eru í Sælen kirkju, Vardeveien, í Fyllingsdalen, á miðvikudögum kl. 19:00-21:15. Sendu línu á [bergen.songhopur@gmail.com](mailto:bergen.songhopur@gmail.com) eða hringdu í formann SÍB 467 43 697 ef þú hefur spurningar eða vilt heyra meira um SÍB. Allir velkomnir!

**Athugið að engin krafa er um söngreynslu eða kunnáttu til þess að taka þátt í kórastarfi.**



## Sendiherraskipti



Gunnar Pálsson lét af embætti sendiherra Íslands í Noregi í sumar og þakkar ÍslenSKI söfnuðurinn Gunnari fyrir gott og farsælt samstarf síðastliðin ár.

Hermann Örn Ingólfsson hefur afhent Haraldi V Noregskonungi trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Noregi. Við óskum honum og fjölskyldu hans blessunar í þjónustu allri. Söfnuðurinn tekur vel á móti nýjum sendiherra í messu í Nordberg kirkju þann 4. október kl. 14. Hermann mun þá ávarpa kirkjugesti.

Sendiráð Íslands er til húsa við Stortingsgata 30, Ósló.

Fyrirspurnir sendast með tölvupósti á [emb.oslo@mfa.is](mailto:emb.oslo@mfa.is) eða símleiðis: 2323 7530.

Facebooksíða sendiráðsins: [www.facebook.com/IslandsAmbassadeOslo](http://www.facebook.com/IslandsAmbassadeOslo)

## Hittingur hjá 60 ára og eldri.

Vetrarstarfið hjá 60 ára og eldri hefst að nýju eftir sumarfrí fimmtudaginn 8. október og verður boðið upp á plökkfisk og rúgbrauð. Fimmtudaginn 12. nóvember verður boðið upp á íslenska kjötsúpu. Það er um að gera að mæta í Ólafíustofu með handavinnuna eða koma og lesa íslensk dagblöð og ræða málefni líðandi stundar í góðum félagsskap. Samverustundirnar byrja kl. 12:15 á kyrrðar- og bænastund.

## Unglingastarf Íslenska safnaðarins í Noregi.

Við hvetjum alla unglunga sem hafa áhuga á að komast í samband við aðra íslenska unglunga sem búsettir eru í Noregi að bæta sér í hópinn okkar á facebook: „Æskulýðshópur íslenska safnaðarins í Noregi“. Þar er hægt að fylgjast með því sem er að gerast í starfinu okkar út um allt land.

**Íslenskir sunnudagaskólar** eru starfræktir víða um Noreg. Fylgist með starfinu okkar á heimasíðu safnaðarins: [www.kirkjan.no/sunnudagaskólinn](http://www.kirkjan.no/sunnudagaskólinn) og á [www.facebook.com/ÍslenSKI\\_söfnuðurinn\\_í\\_Noregi](http://www.facebook.com/ÍslenSKI_söfnuðurinn_í_Noregi)



## Sr. Ása Laufey vígð í hálfu stöðu prests við söfnuðinn.



Sr. Ása Laufey og biskup Íslands

Á vormánuðum 2014 tók Ása Laufey Sæmundsdóttir við stöðu fræðslufulltrúa við söfnuðinn, en hún hafði þá árinu áður klárað guðfræðinám sitt við HÍ og starfað við Neskirkjusöfnuð í Reykjavík sem æskulýðsfulltrúi og sá um barna- og æskulýðsstarf safnaðarins.

Fljótlega kom í ljós að starfskraftar

hennar myndu nýtast safnaðarbörnum betur ef hluti starfs sviðs fræðslufulltrúa yðri að sinna prestsþjónustu um landið. Farið var þess á leit við Biskup Íslands að vígja Ásu Laufeyju í hálfu stöðu prests við Íslenska söfnuðinn í Noregi. Biskup Íslands, sr. Agnes M. Sigurðardóttir tók þeirri beiðni vel enda augljós þörf, þar sem söfnuðurinn teygir sig yfir stórt landsvæði og sóknarbörnum hafði fjölgar til muna á fáum árum.

Þann 22. febrúar síðast liðinn vígði Biskup Íslands Ásu Laufeyju Sæmundsdóttir guðfræðing til að sinna hálfri stöðu prests við söfnuðinn í Noregi við hlið sr. Örnú Grétarsdóttur sóknarprestis safnaðarins. Er þetta í fyrsta sinn sem prestur er vígður til safnaðarins og í fyrsta sinn sem prestur er vígður til prestsþjónustu á vegum Íslensku Þjóðkirkjunnar á erlendri grundu. Það voru því söguleg tímamót fyrir söfnuðinn hér í Noregi sem og þjóðkirkju Íslands.

Sr. Ása Laufey sinnir nú almennum prestsstörfum í hálfu starfi og fræðslufulltrúastöðu að hálfu á móti. Aðalverkefni hennar er að halda utan um barna- og unglíngastarf safnaðarins sem hefur verið sívaxandi þáttur safnaðarstarfsins hin síðari ár.

En afhverju vildi sr. Ása Laufey verða prestur og í hverju sérhæfði hún sig í guðfræðináminu?

„Ég ætlaði mér ekki endilega að verða prestur. Upphaflega valdi ég guðfræði því að ég hafði áhuga á sagnfræðilega hluta námsins. Ég fann það strax í fyrsta tímanum að ég var á réttum stað. Síðar í náminu fór ég að taka þátt í barna- og unglíngastarfi innan kirkjunnar og þótti það ótrúlega skemmtilegt. Það má segja að þegar ég kynntist því fjölbreytta starfi sem fram fer innan kirkjunnar að þá fann ég mína köllun. Mér finnst gaman að vinna með fólki og innan kirkjunnar er allskonar starf í boði fyrir alla aldurs hópa og þannig hef ég hef fengið tækifæri til að kynnast fólki á öllum aldri úr öllum áttum sem mér finnst mjög skemmtilegt“.

„Ég skrifaði meistararitgerðina mína innan sviðs siðfræði og fjallaði ritgerðin um réttindabaráttu kynverundarinnar (e. sexuality). Þar rannsakaði ég hvernig kynverundarréttindi eru virt og viðurkennd í alþjóðasamfélaginu og rökstuddi réttindabaráttu kynverundar á grundvelli ákvæða Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, sérstaklega í ljósi fyrstu þriggja greina hennar sem kveða á um kröfu allra manneskja til réttinda, frelsis og virðingar. Mér fannst spennandi að vinna þetta verkefni sérstaklega að skoða hugtökin «frelsi» og «mannréttindi» í þeirri orðræðu sem við notum þau í dag og hvernig þau hafa þróast í tímans rás og hversu mikilvægt það er fyrir sjálfsmynd hversrar manneskju að upplifa sig sem fullgildan þjóðfélagsþegn.“

Það er mikill fengur af því að fá sr. Ásu Laufeyju til þjónustu og við biðjum henni blessunar Guðs í lífi og starfi.


**Íslenski söfnuðurinn í Noregi er hluti af Þjóðkirkju Íslands. Þjóðkirkjumeðlimir sem flytja til Noregs eru í söfnuðinum. Að jafnaði er þjónusta safnaðarins meðlimum að kostnaðarlausu.**

**Fréttabréfið er sent til sóknarbarna og birtist einnig á netinu. Þau sem vilja skrá sig í eða úr söfnuðinum hafi samband við skrifstofu safnaðarins. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu safnaðarins: [www.kirkjan.no](http://www.kirkjan.no)**

**Starfsmaður Ólafíustofu:** Inga Erlingsdóttir [starfsmadur@kirkjan.no](mailto:starfsmadur@kirkjan.no) Sími: 223 60 140  
Opnunartími mánudaga-fimmtudaga milli kl. 10-14 í Pilestredet Park 20, 0176 Ósló

**Sóknarprestur:** Sr. Arna Grétarsdóttir [prestur@kirkjan.no](mailto:prestur@kirkjan.no) Sími: 957 53 390  
Símatími virka daga milli kl. 10-11 (nema mánudaga)

**Prestur:** Sr. Ása Laufey Sæmundsdóttir [fraedsla@kirkjan.no](mailto:fraedsla@kirkjan.no) Sími: 966 89 198  
Símatími virka daga milli kl. 14-15 (nema þriðjudaga).



## Á döfinni hjá Íslenska söfnuðinum í Nordberg kirkju í Ósló

- 20. sept. Kveðjumessa kl. 11. Egil Nordberg sóknarprestur í Nordbergkirkju lætur af embætti.
- 4. október Messa kl. 14. Tekið á móti nýjum sendiherra Íslendinga í Noregi sem ávarpar kirkjugesti. Hjálmar Sigurbjörnsson trompetleikari og Ískórin. Sunnudagaskólinn á sama tíma.
- 22. október Minningardagur um Ólafíu Jóhannsdóttur frá kl. 19-21. Nánar auglýst síðar.
- 1. nóvember Messa kl. 14. Allra heilagra messa. Látinna ástvina minnst. Ískórin syngur. Sunnudagaskólinn á sama tíma.
- 29. nóvember Aðventuhátíð fyrsta sunnudag í aðventu. Glæsileg tónlistarveisla. Nánar auglýst síðar.
- 10. desember Upplestur úr „Aðventu“ eftir Gunnar Gunnarsson í Ólafíustofu kl. 12. Léttur hádegisverður í boði.
- 26. desember Annar í jólum. Hátíðarguðsþjónusta kl. 14. Ískórin syngur. Sunnudagaskóli og jólaball.

## Á döfinni hjá Íslenska söfnuðinum úti á landsbyggðinni

- 4.-6. Sept. Árlegt leiðtoganámskeið Íslensku safnaðanna á Norðurlöndum.
- 25.-27. sept. Fermingarnámskeið í Aah Stiftgaard í Svíþjóð.
- 11. október Fjölskylduguðsþjónusta í Sandefjord kl. 14.
- 23.-25. okt. Æskulýðsfélög ÍSN tekur þátt í landsmóti ÆSKP á Íslandi.
- 6. desember Messa í Sælen kirkju í Bergen, kl. 14. Rúnar Þór Guðmundsson tenór syngur ásamt Sönghópnum í Bergen. Sunnudagaskóli og jólaball.
- 6. desember Messa í Bakke kirkju í Prándheimi kl. 14. Hjörleifur Valsson og Ómar Diðriksson ásamt Kór Kjartans. Sunnudagaskóli og jólaball.
- 12. desember Messa í Ássiden kirkju í Drammen kl. 14. Hjörleifur Valsson og Ómar Diðriksson ásamt Ískórnum. Sunnudagaskóli og jólaball.
- 13. desember Messa í Sunde kirkju í Stavanger kl. 14. Rúnar Þór Guðmundsson syngur ásamt Sönghópnum í Bergen. Sunnudagaskóli og jólaball.
- 13. desember Messa í Hellemyr kirkju í Kristiansand kl. 14. Hjörleifur Valsson og Ómar Diðriksson syngja og leika fyrir kirkjugesti. Sunnudagaskóli og jólaball.

Venjulega er kirkjukaffi eftir hverja messu.

Fylgist með á [www.kirkjan.no](http://www.kirkjan.no) eða á [facebook.com/Íslenski söfnuðurinn í Noregi](https://www.facebook.com/Íslenski-söfnuðurinn-í-Noregi).

### Spakmæli úr Biblíunni:

**„Því að hungraður var ég og þið gáfuð mér að eta, þyrstur var ég og þið gáfuð mér að drekka, gestur var ég og þið hýstuð mig, nakinn og þið klædduð mig, sjúkur var ég og þið vitjuðuð mín, í fangelsi var ég og þið komuð til mín.“**

(Matt. 25:35-36)

Umbrot og hönnun fréttabréfsins:  
Hrafnhildur Brynjarsdóttir  
[hrafnhildurb80@yahoo.com](mailto:hrafnhildurb80@yahoo.com)

Utgiver og returadresse:  
Den islandske menigheten i Norge,  
Pilestredet Park 20,  
0176 Oslo